

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Reykjavík, föstudaginn 13. feb. 2015

EFNI: Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.

Í sjötta sinn á fáum árum skrifa ég athugasemd vegna virkjanaáforma í neðri hluta Þjórsár. En boðið hefur verið upp á að skila inn athugasemdum vegna þingmála, skipulags, umhverfismats, rammaáætlunar og nú breytingu við breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða).

Sem talsmaður fjölskyldunnar frá Hamarsheiði 2 í Gnúpverjahreppi, skammt frá Þjórsá, sem að hluta þjó í Haga á bökkum Þjórsár, lýsi ég yfir fullkominni hneykslun og andstöðu við breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Sú tillaga felur í sér fyrirheit um að lýsa landið allt eitt virkjanasvæði og gera að engu þá vinnu sem unnin hefur verið með það yfirlýsta markmið að skapa einhverssonar sátt um nýtingu svæða eða vernd þeirra.

Skemmst er frá því að segja að öll fyrri rök og allar fyrri athugasemdir vegna áforma um Hvammsvirkjun og fleiri virkjanir í neðri hluta Þjórsár, standa óhaggaðar og vísa ég því í fyrri umsagnir, sem flestar má finna í skjalasafni Alþingis. Aldrei hefur verið hlustað á raddir heimamanna við Þjórsá sem hafa óskað eftir rannsóknum á samfélagslegum áhrifum, samanburði virkjana við aðra atvinnuupbyggingu og áhrif á veðurskilyrði, hitastig, sandfok osfrv. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur þróast deilusamfélag vegna stöðugs ama sem samfélagið hefur af sífelldum þrýstingu orkugeirans á virkjanir, ekki aðeins í Þjórsá heldur út um allt sveitarfélagið. Nú síðast hafa bæst við Laxá og einhver dularfull virkjanahugmynd kennd við Kjalöldu, sem myndi eyðileggja stórfossa Þjórsár og þeirri hugmynd hefur nú verið vísað til verkefnisstjórnar.

Um vinnubrögð þau sem felast þessari tilfærslu þingsins á virkjanahugmyndum úr bið í nýtingu ætla ég ekki að hafa nein orð. En það læðist óneitanlega að manni grunur um að til einskis hafi verið unnið í verkefnisstjórn um rammaáætlun sem starfaði langt fram á síðasta kjörtímabil. Og að til einskis sé unnið í verkefnisstjórninni núna líka. Til hvers að hafa faghópa, verkefnisstjórn og athugasemdaferli ef nokkrir þingmenn vita þetta allt best hvort sem er og hlusta ekki á nema sjálfa sig?

Ég fer þess auðmjúklega á leit að meirihluti atvinnuveganefndar hlusti á raddir fólksins sem hefur búið við virkjanaógn í annars friðsælli sveit í áratugi. Þarna er fólk sem langar til að byggja upp ferðaþjónustu, skógrækt, loðdýrarækt, hefðbundinn búskap og margt fleira í bland við orkuvinnslu. Þarna á að reisa hátt í hundrað vindmyllur. Og stækka Búrfell. Enginn hreyfir mótmælum. Gnúpverjar fengu Sultartanga, sem sökkta grónu landi, það sættu menn sig líka við. Enginn mótmælti Búðarhálsvirkjun og Búrfellsvirkjun reis á sínum tíma í góðri sátt við samfélagið. En nú er komið nóg. Tækifæri til ferðaþjónustu liggja óbætt í Þjórsárdal, einni fegurstu náttúruperlu landsins. Virkjanir skilja lítið eftir í fámennri sveit, annað en sárindi, deilur og eyðileggingu náttúrunnar. Gnúpverjar hafa verið samfélag í bæði nýtingu og bið síðustu 60 ár. Það er ástand sem maður myndi ekki óska sínum versta óvini. Það felur í sér takmörkun tækifæra, viðvarandi ógn, lamandi óvissu og kyndir undir deilur. Væri hægt að biðja um frið núna?

Björg Eva Erlendsdóttir.
Haðarstíg 20
og Hamarsheiði 1.
kt. 181260-4759